

2. stjórnarfundur

Forma 2012 – 2013

Dags. 22.nóv. 2012

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Bryndís Arnarsdóttir, Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir, Vilhjálmur G. Kristjánsson,

1. **Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smávægilegri leiðréttingu.**

2. **Salir í útleigu á Akureyri og nágrenni.**

Farið var yfir hvaða veislusalir eru til útleigu á Akureyri og nágrenni. Bréf verður sent út til umsjónarmanna þeirra þar sem þeim tilmælum er beint til þeirra að leigja ekki ólögráða ungmennum sali fyrir partyhald.

Rætt var um að senda svipað bréf til vínveitingahúsanna til að minna á að aldurstakmark inn á staðina sé virt.

3. **Uppgjör skálaferða 2012.**

Fyrir liggur að tekjuafgangur varð af skálaferðunum haustið 2012 upp á 81.853.- og er þessi peningur geymdur á bankabók á nafni fyrrverandi formanns FORMA. Vilji er fyrir hendi meðal fundarmanna að breyta lögum foreldrafélagsins og stofna sjóð sem gæti verið n.k. fræðslusjóður. Slíkt þarf að gerast á aðalfundi. Sjóðurinn gæti nýst á forvarnardeginum til að greiða fyrirlesurum fyrir vinnu sína.

4. **Bréf frá áhyggjufullum föður – viðbrögð FORMA við því – jafnréttismál?**

Sigrún Birna lýsir skoðun sinni á því að þetta mál sé tvíþætt. Annars vegar hvernig strákar tala niðrandi til stúlkna svo jaðri við kvenfyrirlitningu og hins vegar fjölmiðlaumræðan í kjölfar atburða á íþróttadegi MA. Keyrði um þverbak á bloggsíðum internetsins.

Hvaðan kemur þetta viðhorf barnanna okkar og hvernig má sporna gegn því?

Vilhjálmur leggur til að á næsta forvarnardegi verði jafnréttismál og gildi hófstiltrar umræðu tekin fyrir. Rætt var um samstarf foreldrafélaga beggja framhaldsskólanna hvað varðar að samnýta fyrirlesara. Upp komu hugmyndir um nokkra fyrirlesara.

5. **Upplýsingar um stjórn FORMA á heimasíðu: Bréf frá Birnu Ágústsdóttur.**

Tekið var fyrir bréf Birnu Ágústsdóttur þar sem hún kemur með þá tillögu að birtar verði myndir af stjórnarmeðlimum FORMA á heimasíðu MA. Stjórn hefur ekkert á móti því en leggur til að það verði hópmynd.

6. **Fyrirhugður fundur með stjórn Hugins.**

Fyrirhugað hafði verið að funda með stjórn Hugins fljótlega og hafði Sigrún Birna þegar sett sig í samband við þau. Ákveðið var að fresta fundinum þar til eftir áramót þar sem fjöldi mála liggur fyrir og betra að FORMA hafi skýra afstöðu til þeirra áður en rætt er við stjórn Hugins. Þegar hér er komið við sögu er klukkan langt gengin 18.00 og fundarmenn orðnir órólegir. Ákveðið var að funda aftur eftir 2 vikur.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00.

Næsti fundur verður 6.des. kl. 16.30 í Meistarastofu.

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.